

Miðvikudaginn 22. apríl 1953.

Nr. 6/1951. **Jónas Magnússon** (Ólafur Þorgrímsson)
 gegn
 Ara Guðmundssyni (Ragnar Ólafsson)
 og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Ómerking. Frávísun frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur með stefnu 8. janúar 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. des. 1950, skotið til Hæstaréttar dómi bæjarþings Reykjavíkur, er upp var kveðinn 1. júlí 1950, og fjárnámsgerð, er framkvæmd var hjá gagnáfrýjanda 5. des. 1950. Krefst hann aðallega sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að fjárfkrafa gagnáfrýjanda verði lækkuð og málskostnaður látinn falla niður. Þá krefst aðaláfrýjandi þess, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði felld úr gildi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 19. febr. 1951, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. Krefst hann þess aðallega, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 21.240.45 ásamt 6% ársvöxtum frá 4. apríl 1949 til greiðsludags og málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Til vara krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og að honum verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi aðaláfrýjanda eftir mati dómsins.

Kröfur gagnáfrýjanda í máli þessu eru reistar á námsamningi, er hann gerði við aðaláfrýjanda hinn 28. des. 1946. Samkvæmt samningi þessum réðst gagnáfrýjandi rafvirkjanemi til aðaláfrýjanda og skyldi námstíminn vera 2 ár, þ. e. frá 30. des. 1946 til 30. des. 1948.

Í námssamningnum er greint, að lágmarkskaup gagnáfrýjanda skyldi ekki vera lægra en tiltekinn hundraðshluti af kaupi sveina í iðninni, en aðiljar eru sammála um, að um annað og hærra kaup hafi verið samið. Hins vegar eru hin

raunverulegu kaupkjör ekki greind í samningnum, og er það andstætt 4. gr. laga nr. 100/1938, er þá voru í gildi.

Í máli þessu greinir aðilja mjög á um það, með hverjum kaupkjörum gagnáfrýjandi hafi ráðið til aðaláfrýjanda. Þar sem svo var háttað og námssamningurinn mjög óvenjulegur, bar nauðsyn til, að kröfur gagnáfrýjanda væru ýtarlega reifaðar í héraði, en á því hefur orðið mikill misbrestur. Þannig hefur gagnáfrýjandi krafizt vinnulauna úr hendi aðaláfrýjanda til 1. apríl 1949 eða fyrir 3 mánuði, eftir að námssamningi lauk, og er engin grein gerð fyrir þeirri kröfu. Með sama hætti krefst gagnáfrýjandi námsgjalds og skólakostnaðar af aðaláfrýjanda um 3 mánuði eftir lok námstíma. Enn hefur gagnáfrýjandi krafizt kaups fyrir veikindadaga á árunum 1947 og 1948, en ekki er gerð nein grein fyrir því í héraði, á hverju þeir kröfuliðir séu reistir. Þar sem málið er svo vanreifað í meginatriðum í héraði, sem að framan er lýst, og málflutningur í því andstæður ákvæðum 105. gr. laga nr. 85/1936, ber að ómerkja hinn áfrýjaða dóm og alla meðferð málsins í héraði og vísa því frá héraðsdómi.

Samkvæmt þessari niðurstöðu ber að fella hina áfrýjuðu fjárnámsgerð úr gildi.

Eftir atvikum og þar sem málflutningi fyrir Hæstarétti af hálfu málflytjanda aðaláfrýjanda var mjög áfátt, þykir rétt, að hvor aðili beri sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur svo og öll meðferð málsins í héraði eiga að vera ómerk, og vísast málinu frá héraðsdómi.

Hin áfrýjaða fjárnámsgerð er felld úr gildi.

Aðiljar beri hvor sinn kostnað af málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 1. júlí 1950.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., hefur Ari Guðmundsson, Hverfisgötu 94, hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu útgefinni 4. apríl 1949 gegn Jónasi Magnússyni rafvirkjameistara, Vitastig 11, hér í bænum, til greiðslu kröfu að fjárhæð kr. 22. 490.93 með 6% ársvöxtum frá stefnudegi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Stefndi hefur krafizt sýknu og málskostnaðar að mati dómara.

Tildrög málsins eru þau, sem hér greinir:

Eftir að Bretar afhentu Íslendingum Reykjavíkurlflugvöll vorið 1946 starfaði stefnandi á flugvællinum að raflögnum. Tók hann laun hjá flugvallarstjórn, en störf sín vann hann undir umsjá og á ábyrgð meistara í raflagnaiðn, þar eð hann hafði ekki iðnréttindi sjálfur. Fyrir áramót 1946 og 47 varð að samkomulagi með málsaðiljum, að stefndi tæki stefnanda sem nemanda í raflagnaiðn. Stefnandi lofaði hins vegar að útvega stefnda eftir föngum viðskipti í iðninni við flugvöllinn. Námsamningur málsaðilja er dagsettur 28. desember 1946. Námstími er þar ákveðinn 2 ár, sem er einungis helmingur venjulegs námstíma í iðninni. Þrátt fyrir það hlaut samningurinn staðfestingu iðnfulltrúa 14. apríl 1947 og lögreglustjóra 22. s. m. Mun þessi stutti námstími hafa verið viðurkenndur sökum þess, að stefnandi hafði lengi starfað við raflagnir og á tímabili haft undanþágulöggildingu sem rafvirki við lágspennuveitu. Ekki gátu málsaðiljar um kaup stefnanda í námssamningnum, en iðnfulltrúar bættu inn í hann, að lágmarkskaup væri: 1. ár 40% og 2. ár 45% af kaupi í iðninni. Hefur þetta væntanlega verið gert til að tryggja, að fullnægt væri ákvæðum almennra samninga í þessu efni. Fyrst eftir að námstíminn hófst starfaði stefnandi á flugvællinum svo sem verið hafði og hélt áfram að taka laun hjá flugvallarstjórn. Hafði hann þar sveinskaup að viðbættum 16%. Eftir að störfum stefnanda á flugvællinum lauk, hóf hann að starfa annarsstaðar á vegum stefnda. Fékk hann þá greitt venjulegt sveinskaup fyrir þá tíma, sem hann vann. Frá 8.—22. júní 1948 taldi stefndi sig eigi hafa verkefni fyrir stefnanda og starfaði hann því eigi þann tíma. Síðastnefndan dag fór stefnandi í sumarleyfi og virðist hafa verið í því til 6. júlí. Fyrir þann tíma greiddi stefndi honum í orlofseyri 4% af kaupi hans fyrir næstliðið ár, kr. 638.00. Stefnandi mun þá þegar hafa gert athugasemd við þessa greiðslu. Eftir að stefnandi kom aftur úr sumarleyfinu, taldi stefndi sig enn engin verkefni hafa fyrir hann og leið svo fram til 1. október 1948, en þá fór stefnandi í Iðnskólann og stundaði þar skólanám til vors 1949. Dvöl sína þar greiddi hann sjálfur. Á meðan stefnandi fékk eigi verkefni hjá stefnda, fór hann fram á, að stefndi gæfi sér skriflegt leyfi til að leita sér atvinnu annarsstaðar, en slíkt leyfi taldi hann sig þurfa, meðan hann var bundinn námssamningnum. Eigi taldi stefndi sig geta veitt slíkt leyfi skriflegt, en gaf stefnanda hins vegar munnlegt leyfi til að leita sér atvinnu annarsstaðar, meðan hann þryti sjálfan verkefni.

Stefnandi byggir dómkröfur sínar á eftirgreindum atriðum: 1. Hann kveður sér hafa verið heitið sveinskaupi, meðan hann ynni hjá stefnda, eftir að hann hætti að taka laun hjá flugvallarstjórninni. Kveðst hann hafa skilið það loforð svo, að hann ætti að halda því kaupi, þótt þrot yrðu á verkefnum hjá stefnda og eins meðan hann stundaði nám í Iðnskólanum.

Stefndi heldur því hins vegar fram, að svo hafi verið um samið, að stefnandi fengi sveinskaup, en aðeins fyrir þá tíma, sem verkefni væru

fyrir hann til að starfa að, enda hafi hann sætt sig við, að eldri starfsmenn stefnda sætu fyrir honum um vinnu, þegar verkefni voru takmörkuð. Sérstaklega hefur stefndi mótmælt skyldu sinni til að greiða stefnanda laun, meðan hann stundaði Iðnskólanám.

Með iðnnámssamningi málsaðilja varð stefnandi fastráðinn starfsmaður stefnda um samningstímabilið, að fráskildum þeim tíma, sem hann stundaði lögboðið Iðnskólanám. Eigi er sönnuð sú staðhæfing stefnda, að svo hafi verið um samið, að stefnanda væri skylt að hlýta því, að launagreiðslur til hans féllu niður þá tíma, sem stefndi taldi sig eigi hafa þörf fyrir vinnu hans. Hins vegar var eigi um það samið, að stefnandi skyldi halda launum, meðan hann stundaði Iðnskólanám, og þar eð sú skylda hvílir eigi að lögum á iðnmeistara að greiða nemanda kaup fyrir skólanámstímann, verður krafa stefnanda um kaup fyrir þetta tímabil eigi tekin til greina. Ómótmælt er, að vegna verkefnaskorts hjá stefnda missti stefnandi af vinnulaunum hjá honum að fjárhæð kr. 7774.60, en á tímabilinu hafði hann hins vegar kr. 3951.61 í vinnutekjur annarsstaðar og hefur hann dregið þá fjárhæð frá kröfu sinni. Mismuninn, kr. 3822.99, ber stefnda samkvæmt framansögðu að greiða.

2. Stefnandi telur sér bera kaup fyrir veikindadaga, meðan hann starfaði hjá stefnda, samtals að fjárhæð kr. 2437.44.

Stefndi hefur mótmælt þessum kröfuflið.

Eigi var samið svo um, að stefnandi skyldi halda kaupi í veikindaforföllum. Í 12. gr. iðnnámslaga nr. 100 frá 1938, sem giltu um samning málsaðilja, er tekið fram, að meistara beri að greiða nauðsynlegan framfærzlukostnað nemanda, meðan hann er sjúkur og námssamningur er í gildi. Eins og á stóð með launakjör stefnanda, sem voru miklu betri en almennt gerðist hjá iðnnemum, verður eftir atvikum eigi talið, að slík krafa komi til greina á hendur stefnda, þótt stefnandi hafi verið lítilsháttar frá störfum öðru hvoru vegna sjúkleika, meðan námstíminn stóð. Ber því að sýkna stefnda af þessum kröfuflið.

3. Eins og áður greinir, fékk stefnandi greiddar í orlofseyri fyrir sumarleyfi eitt árið, 1948, kr. 638.00, en hann telur, að sér hafi borið 12 virkra daga sumarleyfi á fullu kaupi. Af þessum sökum telur hann sig eiga hjá stefnda mismun orlofsfjárins og 12 daga kaups eða kr. 456.40.

Um sumarleyfi iðnnema giltu á þessum tíma ákvæði 9. gr. laga nr. 100 frá 1928. Er þeim þar mælt 12 virkra daga sumarleyfi með fullu kaupi. Verður því að telja þennan kröfuflið stefnanda á rökum reistan og ber að taka hann til greina, enda hefur honum ekki verið mótmælt að því er fjárhæð varðar.

4. Stefnandi telur stefnda bera að greiða skólagjöld hans í Iðnskólanum og annan kostnað af skólavist hans þar, samtals kr. 2094.10.

Þessari kröfu hefur stefndi mótmælt á þeim grundvelli, að stefnandi hafi, er um það var samið að hann skyldi hafa sveinskaup, gengist inn á að kosta skólanám sitt sjálfur að öllu leyti.

Samkvæmt 10. gr. laga nr. 100 frá 1938 var lærimeistara í iðngrein skylt að greiða allan kostnað af bóklegu námi iðnnema sins. Ósannað

er gegn mótmælum stefnanda, að stefndi hafi verið með samningi undanþeginn þessari skyldu. Verður þegar af þeirri ástæðu að taka þennan kröfulið stefnanda til greina.

Samkvæmt framansögðu ber því stefnda að greiða stefnanda kr. 6.373.49 (kr. 3.822.99 + 456.40 + 2.094.10) ásamt vöxtum, eins og krafist er í stefnu, svo og málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn kr. 950.00.

Unnsteinn Beck, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndi, Jónas Magnússon, greiði stefnanda, Ara Guðmundssyni, kr. 6.373.49 með 6% ársvöxtum frá 4. apríl 1949 til greiðsludags og kr. 950.00 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. apríl 1953.

Nr. 121/1952. **Bæjarútgerð Siglufjarðar**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Guðmundi Kristjánssyni f. h.

eigenda v/s Arduity og farmeiganda

(Sveinbjörn Jónsson)

og gagnsök.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bjarglaun.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 5. ágúst 1952. Hann gerir þær dómkröfur, að gagnáfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 1400000.00 með 6% ársvöxtum frá 6. nóvember 1951 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins. Þá krefst aðaláfrýjandi sjóveðréttar í v/s Arduity frá London til tryggingar fjárhæðum, sem dæmdar verða.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 7. ágúst 1952. Hann krefst þess aðallega, að fjárhæð sú, sem dæmd var í héraði, verði lækkuð og málskostnaður í héraði látinn falla